

Nafnfræðiráðstefna í Toronto 2008

23. alþjóðaráðstefnan um nafnafræði (Twenty-third International Congress of Onomastic Sciences), sem International Council of Onomastic Sciences (ICOS) stendur fyrir, verður haldin í York University í Toronto í Canada 17.-22. ágúst 2008. Aðalefni ráðstefnunnar er: Names in Contact: Names in a Multi-Lingual, Multi-Cultural, Multi-Ethnic World. Sérstakar málstofur verða um eftirtalin efni: Háfjallanöfn og önnur fjallanöfn (Alpine and Mountain Names), Gyðinganöfn (Jewish Names), Sérnöfn í félagslegu samhengi: greining á talmáli (Proper Names in Social Encounters: Analyzing Spoken Language), örnefnafræði í kortagerðarmáli (Toponymy within Cartographic Language) og nafngjafir meðal frumbyggjaþjóða (Aboriginal/Indigenous/First Nations naming). Auk fyrirlestra verður farið í dagsferð til Niagara-fossanna og í heimsókn í víngerð. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimasíðunni <http://icos2008.yorku.ca>.

Snævar Sigmundsson

13. EURALEX- ráðstefnan í Barcelona

13. EURALEX-ráðstefnan um orðabækur og orðabókafræði fer fram í Barcelona dagana 15.–19. júlí 2008. Skipuleggjandi er Forschungsgruppe InfoLex við Institut für Angewandte Linguistik í Pompeu Fabra háskólanum í Barcelona. Þeir sem vilja kynna sér ráðstefnuna nánar geta farið inn á euralex2008@upf.edu eða skrifað til EURALEX 2008, Universitat Pompeu Fabra, La Rambla 30–32, 08002 Barcelona.

Guðrún Kvaran